

Mál nr. 185/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.

Heiti váttryggingartaka: X

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 7. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 28. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 19. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að skólplögn í húseign M hafi stíflast í lok september 2021 og við skoðun hafi komið í ljós að lögnin hafi verið brotin. M lýsa atvikum þannig að þú hafi boðað X á staðinn og hann hafi viðurkennt ábyrgð sína og bent þeim á að hafa samband við váttryggingafélag hans V vegna málsins. M fengu mat á kostnaði við að gera við lögnina og hafa eftir matsmanni að ekki hafi „verið passað uppá að hylja lögnina með sandi“ og því hafi „grús legið á rörinu sem hefur brotið lögnina við þjöppun jarðvegs“. Í gögnum málsins liggja fyrir af hálfu M skýrsla vegna tjóns dags. 15. nóvember 2021, myndir af vettvangi og reikningar vegna kostnaðar við lagfæringu.

M telja að bótaskylda sé fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra þar sem X sem byggingarstjóri hafi vanrækt eftirlitsskyldur sínar. sbr. 5. mgr. 29. gr laga um mannvirki nr. 160/2010 þar sem ekki hafi verið farið eftir teikningu við byggingu húseignar þeirra sem fól í sér þau fyrirmæli að sandur skuli vera umhverfis lagnir í jörðu 100mm að þykkt. M telja að sýnt hafi verið fram á að ekki hafi verið farið eftir þeim fyrirmælum og vísa til eigin skoðunar á vettvangi, þegar grafið hafi verið niður á hina brotnu lögn. M telja að um það bil 2 cm sandlag hafi verið á lögninni og víða enginn sandur og vísa þau til mynda af vettvangi og skýrslu vegna tjóns dags. 15. nóvember 2021 því til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ósannað sé að tjón M sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar byggingarstjórans X. Vísar V til ákvæða 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki þar sem kemur fram að stórfellda vanrækslu byggingarstjóra þurfi til bótaskyldu ef verulegir ágallar komi upp á mannvirki. Einnig vísar V til 7. mgr. 29. gr. sömu laga þar sem komi meðal annars fram að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegrri framkvæmd verkþátta á ábyrgð iðnmeistara, né því að þeir uppfylli skyldur sínar skv. verk- og eða kaupsamningi. V telur að þegar mokað hafi verið frá lögninni hafi 100mm (10 cm) sandlag legið ofan á henni og að það hafi verið farið eftir fyrirmælum skv. teikningu. Í gögnum frá V er einnig haft eftir X að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við lagnir eða umhverfi þeirra af hálfu byggingarfulltrúa sveitarfélagsins sem húseign M er í. Einnig vísar V til þess að starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X hafi verið felld niður hjá félaginu hinn 14. apríl 2016 og hafi því verið liðin meria en fimm ár þegar tjón M var tilkynnt til V hinn 15. október 2021.

M gera, í viðbótarathugasemdum sínum í bréfi dags. 19. júlí 2022, athugasemdir við sjónarmið V um gildistíma starfsábyrgðartryggingar X þar sem þeim sjónarmiðum hafi ekki áður verið haldið fram við M. Bent er á að ekki finnist gögn um tilkynnt hafi verið um að starfsábyrgðartryggingin hafi fallið niður til váttryggingartaka eða Mannvirkjastofnunar, eins og V hefði borið að gera. Einnig bendir M á að skv. ákvæðum laga um mannvirki eigi starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra að vera í gildi í að minnsta kosti fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Ekki hafi enn verið gerð lokaúttekt á húseign M og því sé ábyrgð enn í gildi. Einnig benda M á að V hafi ekki lagt fram sönnunargögn um að 10 cm sandlag hafi verið í kringum þá lögn sem brotnaði og verði að bera hallann af því.

Álit.

Ágreiningur í málinu hverfist um hvort sannað sé að skilyrði skaðabótaskyldu liggi fyrir varðandi störf byggingarstjóra húseignar M og hvort tjón sem varð af brotinni skólplögn sé hægt að rekja til atvika sem byggingarstjóri ber skaðabótaábyrgð á.

Hvað varðar skaðabótakröfu M á byggingarstjóran X varðar þá verður að minna á að samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem

koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllumum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslíð þessarar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Þegar lagaákvæði þessi eru virt heildstætt ber byggingarstjóri meðábyrgð á faglegri framkvæmd tiltekins verkþátta sem unninn er á ábyrgð iðnmeistara, ef verulegir ágallar hafa komið í ljós á verkþættinum við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun og rekja má ágallana til stórfelldrar vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara og ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit hans.

Þetta þýðir að sá sem heldur því fram að það séu ágallar á verki iðnmeistara sem nemi stórfelldri vanrækslu af hans hálfu og að ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit ber sönnunarbyrði um þá þætti. Í þessu máli hvílir sönnunarbyrði því á M.

Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla um tjón dags. 15. nóvember 2021. Í þeirri skýrslu er ekki vikið að því berum orðum hvernig aðstæður á tjónsstað voru heldur er eingöngu gerð grein fyrir þeim kostnaði sem áætlað er að hljótist af því að gera við lögnina. Það sem M hafa eftir matsmanni í málskoti sínu fær ekki stöð í orðalagi skýrslunnar. Ljósmyndir af vettvangi sýna heldur ekki greinilega hvernig aðstæður voru. Á móti kemur liggja heldur ekki fyrir skrifleg og skýr gögn af hálfu V um mat félagsins á aðstæðum eða tjónsskoðun. Verulegur vafi er því um atvik og þegar svo er þá verður sá sem sönnunarbyrði ber samkvæmt almennum sönnunarreglum að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Ekki verður lögð skaðabótaábyrgð á X á grundvelli fyrrnefndra laga um mannvirki af lýsingum M einum saman. Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra er ekki efndatrygging vegna húsbygginga heldur þarf að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fyrir hendi af hálfu byggingarstjóra. Ekki er af gögnum þessa máls nægilega sýnt fram á það og á M því ekki að svo stöddu rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir